



## Heimild til notkunar á reynslumerki

(skal ávallt vera til staðar í ökutæki er ber reynslumerki)

RN- \_\_\_\_\_

 Reynslumerki í langtímaleigu Reynslumerki í skammtímaleigu

Nafn rétthafa

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

hefur í dag í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja og kafla 3.10.4. skráningarreglna Umferðarstofu, fengið til afnota reynslumerki með ofangreindri áletrun.

Heimild gildir til

Leigustaður

F.h. Umferðarstofu/ skoðunarstofu

Útgáfudagsetning

Staðfesting starfsmanns

## Reglur um notkun reynslumerkis:

**Heimil notkun reynslumerkja:** Heimilt er að nota reynslumerki til að flytja óskráð á milli staða í tengslum við skráningu, til reynsluaksturs og við kynningarstarfsemi.

- Flutningur vegna skráningar: Heimilt er að nota reynslumerki til að flytja óskráð ökutæki milli staða vegna skráningar. Þetta á við um flutning frá skipshlið að tollporti, frá tollporti að geymslustað innflytjanda, milli geymslustaða, til og frá verkstæði og til skoðunarstöðvar. Óheimilt er að geyma ökutæki við íbúðarhús að næturlagi en ökutækið skal geymt við starfsstöð innflytjanda eða á svæði er tengist skráningu eða undirbúningi skráningar.
- Reynsluakstur: Með reynsluakstri er átt við stuttar reynsluferðir í eðlilegri fjarlægð frá umboði / bílasölu. Akstur utan opnunartíma umboðs / bílasölu eða utan sýningartíma er óheimill. Óheimilt er að geyma ökutæki við íbúðarhús að næturlagi. Lán á ökutækjum sem fellur utan reynsluaksturs er óheimilt. Óheimilt er að lána ökutæki yfir nótt.
- Kynningarstarfsemi: Með kynningarstarfsemi er átt við sýningar á ökutækjum, sýningarferðir starfsmanna umboðs / bílasölu, auglýsingagerð og blaðamannalán.

**Farþegar og farmur:** Óheimilt er að flytja farþega og farm í ökutæki sem ber reynslumerki, að undanskildum eftirfarandi tilfellum: Starfsmanni umboðs/bílasölu og aðstandendum ökumanns er heimilt að sitja í ökutækinu við reynsluakstur, starfsmanni umboðs/bílasölu við kynningarstarfsemi og starfsmanni verkstæðis við flutning þess til og frá verkstæði.

**Ásetning reynslumerkis:** Bifreið skal ávallt bera tvö reynslumerki, að framan og að aftan, en önnur ökutæki skulu bera eitt reynslumerki að aftan. Heimilt er að setja fremra merkið í framrúðu bifreiðar og skal það staðsett þannig að það sjáist greinilega inn um framrúðuna. Aftara merkið skal fest á áberandi stað aftan á bifreiðina og er heimilt að nota bráðabirgðafestingar, t.d. segulfestingar.

**Gildismiði:** Öll reynslumerki skulu bera gildismiða með því ártali sem heimilt er að nota reynslumerkið. Lögregla skal fjarlægja reynslumerki sem ekki bera réttan gildismiða.

**Misnotkun reynslumerkis:** Til misnotkunar telst skortur á heimild til notkunar reynslumerkis í ökutæki, ef notkun reynslumerkja er í andstöðu við reglur um heimila notkun eða ef bifreið ber aðeins eitt reynslumerki. Einnig ef merkin eru ekki fest á áberandi stað á ökutæki, ef merki er skráð á lista yfir eftirlýst reynslumerki og loks ef reynslumerki bera ekki réttan gildismiða. Lögregla skal fjarlægja reynslumerki ef um misnotkun er að ræða. Ef leigutaki misnotar reynslumerki afturkallar það réttinn til reynslumerkis, viðkomandi leigutaki fær ekki leigð ný langtíma reynslumerki.

**Glötuð reynslumerki:** Ef reynslumerki glatast skal tilkynna um það til US sem skráir merkið á lista yfir eftirlýst reynslumerki. Þanta skal nýtt merki á kostnað leigutaka í stað þess glataða. Ef merki finnst skal það tilkynnt til US og merki skilað til US eða á viðkomandi leigustað.